

## **Ábending ársreikningaskrár ríkisskattstjóra**

Ársreikningur þessi er áritaður af ríkisendurskoðanda samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga

Betri samgöngur ohf.

Ársreikningur 2023



**BETRI  
SAMGÖNGUR**

Betri samgöngur ohf.  
Grandagarði 16  
101 Reykjavík

Kt. 671020-0300

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt samgöngusáttmálanum .....	12

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019.

Samkomulagið gengur undir heitinu Samgöngusáttmáli. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra. Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi í samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Þegar framkvæmdum vegna einstakra verkefna er lokið verða vegamannvirki afhent ríki eða því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra í samræmi við ákvæði gildandi laga hverju sinni og samkomulag milli aðila samkvæmt Samgöngusáttmála. Hagnaði, ef einhver er, skal einungis varið í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Allur kostnaður sem féll til á árinu 2023 vegna framkvæmda er eignfærður. Stjórn vísar í ársreikning um breytingar á eigin fé og ráðstöfun afkomu.

Eigið fé félagsins í árslok nam 15.004 millj. kr. (2022: 15.004 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 15.004 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var þrír (2022: þrír).

Hluthafar í árslok voru sjö líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2023 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Ríkissjóður Íslands .....	99,9933%
Reykjavíkurborg .....	0,0038%
Kópavogsbær .....	0,0011%
Hafnafjarðarkaupstaður .....	0,0009%
Garðabær .....	0,0005%
Mosfellsbær .....	0,0003%
Seltjarnarnesbær .....	0,0001%

Stjórn og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 8. apríl 2024.

Stjórn:

Árni Matthías Mathiesen  
Eyjólfur Árni Rafnsson  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Ásthildur Helgadóttir  
Páll Björgvin Guðmundsson  
Ólöf Örvarsdóttir

Framkvæmdastjóri:  
Davíð Þorláksson

# Áritun Ríkisendurskoðunar

---

## Til stjórnar og hluthafa í Betri samgöngum ohf.

### Álit

Ársreikningur Betri samgangna ohf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Betri samgangna ohf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Betri samgöngum ohf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanda (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Betri samgangna ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.

# Áritun Ríkisendurskoðunar

---

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 8. apríl 2024

Guðmundur Björgvin Helgason,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2023

---

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	7	97.582.811	91.745.472
Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður .....	8	128.663.747	74.197.530
		226.246.558	165.943.002
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		329.410.821	134.559.104
Gangvirðisbreyting eignarhluta .....		0	( 5.153.898)
Vaxtagjöld .....		( 78.423)	( 112.270)
		329.332.398	129.292.936
Samtals rekstrargjöld að teknu tilliti til fjármagnsliða .....		103.085.840	( 36.650.066)
Eignfærður kostnaður .....		( 103.085.840)	36.650.066
Rekstrarniðurstaða ársins .....		0	0

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	15.159.481.224	15.074.848.833
Fastafjármunir		<u>15.159.481.224</u>	<u>15.074.848.833</u>
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi .....	10	5.473.474.078	3.321.044.543
Kröfur á tengda aðila, ógreidd framlög vegna samgöngusáttmála .....		1.064.639.064	268.534.884
Aðrar skammtímakröfur .....		72.379.634	29.623.795
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	5	402.394.497	414.268.224
Handbært fé .....	6	3.067.128.316	2.468.730.388
Veltufjármunir		<u>10.080.015.589</u>	<u>6.502.201.834</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>25.239.496.813</u>	<u>21.577.050.667</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	11	15.004.000.000	15.004.000.000
Eigið fé	12	<u>15.004.000.000</u>	<u>15.004.000.000</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuld við tengda aðila vegna verkefna samgöngusáttmála .....	14	10.213.666.134	6.564.426.467
Viðskiptaskuldir .....		16.133.815	3.154.208
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.696.864	5.469.992
		<u>10.235.496.813</u>	<u>6.573.050.667</u>
Skuldir samtals		<u>10.235.496.813</u>	<u>6.573.050.667</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>25.239.496.813</u>	<u>21.577.050.667</u>



# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Veltufé frá rekstri		0	0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	42.755.839)	( 29.572.458)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		13.206.479	4.676.647
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	29.549.360)	( 24.895.811)
Handbært fé til rekstrar	(	29.549.360)	( 24.895.811)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi, hækkun .....	(	2.152.429.535)	( 1.807.689.816)
Eignfærður þróunarkostnaður Keldnals .....	(	84.632.391)	( 41.044.371)
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna framkvæmda, breyting .....		11.873.727	99.206.087)
Fjárfestingahreyfingar	(	2.225.188.199)	( 1.947.940.274)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Kröfur á tengda aðila, breyting .....	(	796.104.180)	191.275.775
Greiðslur frá aðilum samgöngusáttmálans .....		3.649.239.667	1.997.278.255
Fjármögnunarhreyfingar		2.853.135.487	2.188.554.030
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		598.397.928	215.717.945
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		2.468.730.388	2.253.012.443
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		3.067.128.316	2.468.730.388
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:</b>			
Hækkun hlutafjár .....		0	15.000.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		0	( 15.000.000.000)

# Skýringar

## 1. Félagið

Betri samgöngur ohf. („Félagið“) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 81/2020 um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Lögheimili þess að Grandagarði 16 í Reykjavík.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegur rekstrarfjármunur félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi.

## 4. Framkvæmdakostnaður

Megin tilgangur félagsins er að annast uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við Samgöngusáttmálann og ráðstafa þeim til eigenda. Félagið hefur ekki tekjur af starfsemi sinni og telst því allur kostnaður vegna umsýslu þess og yfirstjórn til framkvæmdakostnaðar.

Í árslok 2024 er allur kostnaður vegna stofnunar og starfsemi félagsins á árinu færður til eignar í efnahagsreikningi en kostnaðinum verður síðar deilt út á einstaka mannvirki samkvæmt reiknilíkani.

Hafin var vinna hjá Vegagerðinni við hluta af framkvæmdum sem falla undir Samgöngusáttmálann á árunum 2019 og 2020 og mun kostnaður vegna þeirra færast yfir til félagsins og síðan eigenda. Eignirnar eru færðar á gangvirði til félagsins sem er það sama og bókfært kostnaðarverð þeirra hjá Vegagerðinni.

## 5. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af eftirfarandi:

	2023	2022
Flýti- og umferðagjöld eignfærður kostnaður .....	35.889.554	26.029.811
Fyrirframgreiðsla vegna framkvæmda .....	366.504.943	388.238.413
Samtals fyrirframgreiddur kostnaður .....	402.394.497	414.268.224

Samkvæmt samgöngusáttmálanum er félaginu ætlað að annast innheimtu flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Kostnaðurinn sem til hefur fallið er einkum aðkeypt þjónusta innlendra og erlendra ráðgjafa og launakostnaður við mótun tillagna um gjöldin.

## 6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

# Skýringar

## 7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun .....	78.727.200	74.128.238
Samgöngustyrkur .....	1.800.000	1.561.905
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	10.628.173	10.007.312
Önnur launatengd gjöld .....	6.427.438	6.048.017
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 97.582.811)	( 91.745.472)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>0</u>	<u>0</u>
Ársverk .....	3	3

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu nam 40,1 millj. kr. (2022: 38,2 millj. kr.)

## 8. Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður

Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður í rekstrarreikningi greinast þannig	2023	2022
Aðkeypt þjónusta .....	90.295.984	60.388.704
Húsnæðiskostnaður .....	4.206.502	3.895.654
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	34.161.261	9.913.172
	<u>128.663.747</u>	<u>74.197.530</u>

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Land
Heildarverð 1.1.2022.....	0
Land að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík .....	15.000.000.000
Próunarkostnaður vegna Keldnalands eignfærður .....	<u>41.044.371</u>
Heildarverð 31.12.2022.....	15.074.848.833
Próunarkostnaður vegna Keldnalands eignfærður .....	<u>84.632.391</u>
Heildarverð 31.12.2023.....	<u>15.159.481.224</u>
Bókfært verð 31.12.2023.....	<u>15.159.481.224</u>
Afskriftahlutföll .....	0%

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi.

# Skýringar

## 10. Verk í vinnslu

Verk í vinnslu og þróunarkostnaður félagsins greinast þannig í árslok:	2023	2022
Undirbúnings- og stofnkostnaður .....	( 120.201.096)	67.982.789
Framkvæmdir í vinnslu hjá Vegagerðinni* .....	5.593.675.174	3.253.061.754
	<u>5.473.474.078</u>	<u>3.321.044.543</u>

\* Sjá yfirlit á blaðsíðu 12 yfir framkvæmdir í vinnslu hjá Vegagerðinni

## 11. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 15.004 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Allt hlutfé félagsins er að fullu greitt.

## 12. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	4.000.000	4.000.000
Innborgað hlutfé .....	15.000.000.000	15.000.000.000
Eigið fé 31.12.2021 .....	15.004.000.000	15.004.000.000
Eigið fé 31.12.2022 .....	15.004.000.000	15.004.000.000

## 13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, hluthafar með yfirlit eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Vísað er í skýringar 12 og 13 varðandi frekari upplýsingar um viðskipti við tengda aðila.

## 14. Skuldir við aðila Samgöngusáttmálans

	2023	2022
Ríkissjóður .....	6.879.867.980	4.652.399.203
Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu .....	3.333.798.154	1.912.027.264
	<u>10.213.666.134</u>	<u>6.564.426.467</u>

# Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt samgöngusáttmálanum

## Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt Samgöngusáttmálanum

Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi í samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Greidd framlög til verkefna Samgöngusáttmálans greinast þannig:

	2019	2020	2022	2022	2023	Samtals
<b>Framlög</b>						
Ríkissjóður .....	2.000.000.000	2.079.883.721	2.188.953.488	2.294.767.442	2.412.790.698	10.976.395.349
Sveitarfélög .....	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	5.488.197.674
Ríkissjóður viðbótarframlag .....	400.000.000	1.000.000.000	300.000.000	0	0	1.700.000.000
Framlag í stað flyti- og umferðagjalda .....	0	0	0	0	1.001.974.418	1.001.974.418
	<u>3.400.000.000</u>	<u>4.119.825.581</u>	<u>3.583.430.232</u>	<u>3.442.151.163</u>	<u>4.621.160.465</u>	<u>19.166.567.441</u>
<b>Framkvæmdir</b>						
Stofnvegir .....	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	6.454.815.606
Borgarlína .....	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	3.755.895.155
Hjólástígar, göngustígar og undirgöng .....	198.643.497	426.963.273	819.968.842	699.453.639	589.686.303	2.734.715.554
Öryggi og flæði .....	262.691.305	253.481.468	348.710.520	224.170.953	502.201.759	1.591.256.005
Greiddslur samtals .....	<u>1.405.772.186</u>	<u>4.562.103.280</u>	<u>1.975.281.982</u>	<u>3.138.004.698</u>	<u>3.455.520.174</u>	<u>14.536.682.320</u>
Verkefnum lokið og færð til Betri samgangna ohf. ....						8.943.007.218
Verk á framkvæmdastigi hjá Vegagerðinni í árslok .....						5.593.675.174

Árleg framlög samkvæmt Samgöngusáttmálanum taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun.

Yfirlit um framkvæmdir byggja á upplýsingum Vegagerðarinnar sem er framkvæmdaðili einstakra verkefna Samgöngusáttmálans.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var búið að gera skuldbindandi samninga vegna verkefna Samgöngusáttmálans í árslok 2023 og ekki eru komin til fullra framkvæmda fyrir um 8.025 millj.kr. eftirstöðvar þeirra nema um 6.895 millj. kr. í árslok 2023.